

Skýrsla landsliðsnefndar LH 2020

Árið 2020 er annað árið sem afreksstarf LH er starfrækt á ársgrundvelli með langtímauppbyggingu í huga. Árið 2020 er fyrsta árið sem hópar í hæfileikamótun LH eru í öllum landshlutum. Í upphafi árs voru nýir landsliðshópar kynntir og sett niður dagskrá fyrir þá fram að Norðurlandamóti sem halda átti í byrjun ágúst. En svo kom Covid.

Afrekssjóður ÍSí

Í lok árs 2019 staðfesti framkvæmdastjórn ÍSí þá ákvörðun Afrekssjóðs ÍSí að færa Landssamband hestamannafélaga úr flokki C/Þróunarsérsambönd í flokk B/Alþjóðleg sérsambönd. Þetta var gert með vísun í þær miklu breytingar sem gerðar voru á afreksstarfi LH á árinu 2019 og frábæran árangur keppenda á HM 2019. Breytingin tók gildi 1. janúar 2020.

Landsliðshópar LH

Val í landsliðshópa LH fyrir árið 2020 var kynnt í janúar. A-landsliðshóp LH árið 2020 skipuðu 22 knapar alls, 6 konur og 16 karlar. U21-landsliðshópin skipuðu 17 knapar alls, 9 kvk og 8 kk.

Stærsta landsliðsverkefni ársins var Norðurlandamót sem halda átti í Svíþjóð í ágúst.

Við val á knöpum í landsliðshópnum er tekið tillit til árangurs í keppni, reiðmennsku, hestakosts og íþróttamannslegrar framkomu. Ákveðnir viðburðir eru skylduviðburðir fyrir alla landsliðsknapa að mæta á, eins og líkamlegar mælingar, fjáröflunarmót landsliðsins „Allra sterkustu“, ákveðin WR-mót og Íslandsmót.

Starfsemi A-landsliðsins

Í upphafi vetrar var sett upp dagskrá fyrir landsliðið fram að NM. Hún fól m.a. í sér fyrirlestra, líkamlegar mælingar og nokkur WR-mót sem landsliðsknapar skyldu taka þátt í. Það er skemmst frá því að segja að dagskráin riðlaðist talsvert.

Febrúar	Fyrirlestur og líkamlegar mælingar: <i>Frestað vegna veðurs og ófærðar fram í mars.</i>
Mars	Fyrirlestur og líkamlegar mælingar: <i>Frestað vegna COVID.</i>
Apríl	Fjáröflunarmót landsliðsins „Allra sterkustu“: <i>Aflýst vegna Covid.</i>
Mai/Júní	WorldRanking mót: Öll WR-mót féllu niður vegna mismunandi COVID-ástands í mismunandi löndum. Heimslistinn verður ekki uppfærður árið 2020.
Júlí	Landsmóti aflýst.
Ágúst	Norðurlandamóti aflýst. Íslandsmóti aflýst.

Starfsemi U21-landsliðs

Í U21-árs landsliðshópnum er knöpum skylt að hitta reiðkennara/þjálfara að lágmarki einu sinni í viku. Landsliðsþjálfari hittir knapana og þjálfara þeirra með reglulegu millibili og fylgist náið með þjálfunarferlinu og gerir reglulega stöðumat. Starfsemi U21-landsliðsins riðlaðist minna en A-landsliðs fyrir utan öll mótin sem féllu niður.

Janúar	Líkamlegar mælingar voru gerðar 23. janúar. Þeir sem höfðu áður farið í slíkar mælingar fengu sendar niðurstöður um stöðu sína milli ára.
Febrúar	Helgina 29. febrúar til 1. mars var tekið stöðumat á hópnum. Knapar mættu ásamt þjálfara sínum með sína bestu hesta sem þau stefndu með á Norðurlandamót og þau fengu endurgjöf frá landsliðsþjálfara. Í sameiningu voru sett markmið fyrir hvert og eitt par.
Mars	Fyrirlestri frestað vegna Covid.

<i>Apríl</i>	Fjáröflunarmót landsliðsins „Allra sterkustu“: <i>Frestað vegna Covid.</i>
<i>Mai</i>	Stöðumat. Knöpum var gert að taka upp myndband þar sem þeir riðu keppnisprógramm og sendu það til landsliðsþjálfara sem gaf þeim umsagnir.
<i>Júní</i>	Íslandsmót barna og unglunga (10-17 ára) 18. til 21. júní. Tveir knapar í U21-landsliðinu áttu keppnisrétt á þessu móti og tóku þátt. Þau sem eru á aldrinum 18-21 ára eiga keppnisrétt á Íslandsmóti fullorðinna og ungmenna sem féll niður.
<i>Júlí:</i>	Landsmóti aflýst.
<i>Ágúst:</i>	Norðurlandamóti aflýst. Íslandsmóti fullorðinna og ungmenna aflýst.

Landsliðshópar LH 2021

Landsliðshópar fyrir árið 2021 voru kynntir í lok október. A-landsliðshópin skipa 22 knapar, þar af fimm titilverjendur, 16 karlar og 6 konur. U21-landsliðshóp skipa 17 ungmenni, 11 kvk og 6 kk.

Dagskrá fyrir veturinn liggur fyrir og er hún í fylgiskjali. Í byrjun nóvember var boðið upp á fyrirlestur með Guðrúnu Stefánsdóttur dósent við Hestafræðideild Háskólans á Hólum þar sem hún fjallaði um fóðrun keppnishesta og stöðu þekkingar á líkamlegu álagi á íslenska hesta.

Hæfileikamótun LH

Hæfileikamótun LH fyrir 14 til 17 ára unglunga hófst í janúar 2020. Auglýst var eftir þátttakendum í öllum landshlutum, 48 unglingar sóttu um og var þeim skipt upp í 6 hópa með 6-10 unglunga hver. Tveir hópar voru á höfuðborgarsvæðinu, einn á Vesturlandi, einn á Norðurlandi, einn á Austurlandi og einn á Suðurlandi. Hóparnir komu saman á ákveðnum æfingahelgum yfir veturinn með þjálfara. Með þessu fyrirkomulagi er hægt að fylgjast betur með efnilegum ungum krökkum og hestakosti þeirra um allt land og um leið þróa og auka samfellu milli afrekshópa LH.

Á æfingahelgum fór kennarinn einnig í „sýnum karakter“ vinnu með krökkunum. Farið var í markmiðasetningu, sjálfstraust og einbeitingu, rétta líkamsbeitingu og líkamsstöðu, teygjur og æfingar sem henta knöpum.

Í júní var svo tekinn einn dagur þar sem krakkarnir æfðu sig á keppnisvelli með kennara, sem lokaundirbúningur fyrir keppnistímabilið. Í júní var einnig haldinn fjarfyrirlestur fyrir hópana í hæfileikamótun þar sem fjallað var um hugarfar og sjálfstyrkingu.

Starfsári hæfileikamótunar 2020 lauk með fjarfundi þar sem Hekla Katharína Kristinsdóttir U21-landsliðsþjálfari hvatti knapana til dáða, Glódís Rún Sigurðardóttir U21-landsliðsknapi sagði frá markmiðasetningu og hvað þarf til að ná árangri og Benjamín Sandur Ingólfsson, ríkjandi heimsmeistari ungmenna í gæðingaskeiði var með sýnikennslu.

Dagskrá hópanna í hæfileikamótun náðist að klára þrátt fyrir Covid, æfingahelgar sem voru á dagskrá í mars og apríl var frestað til maí og júní. Almenn ánægja með hvernig til tókst á þessu fyrsta ári hæfileikamótunar LH.

Fjáröflunarverkefni

Stóðhestavelta landsliðsins var á sínum stað í apríl þó fjáröflunarmótið „Allra sterkustu“ hefði fallið niður. Sala á folatollum gekk vel og skilaði afreksmálum LH tæpum 4 milljónum í hagnað. Landsliðsnefnd færir stóðhestaeigendum sem gáfu tolla bestu þakkir fyrir. Fleiri fjáröflunarverkefni eru í farvatninu með haustinu.

Í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu vegna Covid-19 féllu samningar við styrktaraðila að mestu leiti niður þar sem ekki var hægt að efna skuldbindingar LH gagnvart slíkum samningum. Samið verður að nýju við styrktaraðila og stefnt á að því verði lokið fyrir áramót.

Lokaorð

Afreksstarf LH á árinu 2020 hefur mikið til gengið úr skorðum vegna Covid19. Framundan er heimsmeistaramótsár og leggur landsliðsnefnd mikinn metnað í undirbúning fyrir HM.

Reykjavík 11. nóvember 2020.

F.h. landsliðsnefndar
Kristinn Skúlason, formaður.

Landsliðsnefnd skipa:

Kristinn Skúlason, formaður
Arnar Bjarki Sigurðsson
Guðni Halldórsson
Helgi Jón Harðarson
Sóley Margeirsdóttir
Stefán Logi Haraldsson
Valdimar Grímsson
Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir

Fylgiskjal: Tímalína landsliðshóp LH 2020-2021

Drög að dagskrá landsliðs Íslands í hestaþróttum 2020-2021

- Fjólublár litur þýðir A landslið og U21 árs landslið mæta saman á viðburði
- Rauður litur þýðir að A landslið mætir eingöngu á viðburði
- Blár litur þýðir að U21 árs landslið mætir eingöngu á viðburði

